

FRÉTTABRÉF

Með fréttum frá Íslenska söfnuðinum í Noregi, Íslendingafélaginu í Ósló og Ískórnunum

Æskulýðsferð

Æskulýðsfélag Íslenska safnaðarins í Noregi sameinaðist á Gardermoen flugvelli á leið sinni til Íslands á Landsmót AESKP á Egilsstöðum. Þetta var langt og strangt ferðalag fyrir ferðalangana okkar, en sum þeirra þurftu að ferðast innanlands áður en flogið var til Keflavíkur. Daginn eftir sameinuðust æskulýðsfélögin við Digraneskirkju til að taka rútur til Egilsstaða á annað fjölmennasta landsmót frá upphafi. Það var líf og fjör er um 600 unglingar komu saman í íþróttahúsinu á Egilsstöðum. Yfirskrift landsmótsins var H2Og, og fræddust unglिंगarnir um vatn og hjálparstarf og söfnuðu fé til að styðja vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Malaví. Takmarkið var að safna fyrir brunni, það tókst, en alls söfnuðust 430 þúsund krónur. Það dugar til að grafa tvo brunna, kaupa 20 hænur og 18 geitur.

Á sunnudeginum var haldin messa í íþróttahúsinu á Egilsstöðum þar sem rúmlega átta hundruð manns tóku þátt, þetta var sannkölluð stórmessa og líklega fjölmennasta messa sem hefur verið haldin á Egilsstöðum. Margir prestar af Austurlandi komu að þjónustunni ásamt fjölda barna sem eru virk í æskulýðsstarfinu á Austurlandi.



Sr. Sólveig Lára Guðmundsdóttir, vígslubiskup á Hólum, prédikaði og sagði „Kjörorðið okkar á að vera að gera heiminn örlítið betri í dag en hann var í gær.“

Að messu lokinni var landsmótinu slitið. Unglingarnir héldu heim á leið, glöð eftir eftirminnilega helgi með höfuð full af góðum minningum, hjörtu full af umhyggju og hendur þjálfaðar til góðra verka.

Tilkynningar

Bæn og brauð: Kyrrðar- og íhugunarstund alla fimmtudaga í Ólafíustofu kl. 12.15-12.30.

...

Foreldramorgnar kl. 10-12 alla fimmtudaga í Ólafíustofu.

...

Lífsýn og trú á fimtudögum kl. 16.30-18.30 í Ólafíustofu.

...

Kyrrðar- og slökunarhelgi verður í Norefjell 10.-12. maí.

...

Íslenskur sunnudagaskóli víða um Noreg.

Fylgist með á heimasíðu kirkjunnar. www.kirkjan.no / sunnudagaskólinn og á facebook/Íslenski söfnuðurinn í Noregi.



Frá Íslendingafélaginu í Osló

Félagið vill minna á að hægt er að panta svefnpláss í Íslendingahúsið í Norefjell í vetrarfríinu, allan marsmánuð og um páska. Eins og flestum ætti að vera kunnugt stendur húsið við eitt stærsta skíðasvæði í Noregi sem



er frægt fyrir náttúrufegurð og góðar skíðabrekkur. Ekkert er skemmtilegra fyrir börnin en að vera ásamt jafnöldrum sínum í húsinu og það eru ekki ófáir Íslendingarnir sem eiga sér góðar minningar frá vetrarfríinu í Norefjell.

Ný verðskrá mun taka gildi í vor, en stærsta breytingin verður að félagsmenn njóta 50% afsláttar miðað við pantanir utan félagsins. Allar bókanir fyrir Norefjellhúsið eru nú gerðar í gegnum nýtt bókunarkerfi sem er að finna á heimasíðu félagsins.

http://islandingafelagid.no/?page_id=803

Eins og er stendur yfir útsending á reikningum fyrir félagsgjöldin og við viljum benda félagsmönnum á að þægilegast er að nýta sér það að fá senda reikninga í rafpósti. Hægt er að senda tölvupóst á isioslo@gmail.com með upplýsingum um nafn og heimilisfang og við munum senda reikning tilbaka. Einnig er hægt að taka fram ef óskað er eftir gíróseðli, en þá leggst á 20 NOK aukalega á reikninginn.

Mikilvægt er að nota KID númer þegar greiða á reikninginn í gegnum heimabanka.

Á vefsíðu félagsins <http://islandingafelagid.no> er hægt að nálgast allar upplýsingar um ýmsar skráningar, bæði skráning inn í félagið og til að fá tilsent rafrænt fréttabréf.

Þann 24. til 26. maí n.k. verður farið í vinnuferð upp í Norefjell til þess að gera húsið klárt fyrir sumarið. Sendu okkur tölvupóst til isioslo@gmail.com ef að þú hefur áhuga á að vera með. Að sjálfsögðu er öll gisting ókeypis þá helgi og það er bara að taka með sér fjölskylduna og gera sér glaðan dag með okkur. Margar hendur vinna létt verk.

Stjórn Íslenska safnaðarins í Noregi

Aðalstjórn:

Arnar Páll Michelsen formaður (Ósló)

Helga Sigríður Þórsdóttir varaformaður (Bergen)

Ann-Cathrin Marcussen gjaldkeri (Ósló)

Brynja Gunnarsdóttir ritari (Tromsø)

Lilja Björk Þorsteinsdóttir meðstjórnandi (Stavanger)

Varamenn:

Einar T. Traustason (Ósló)

Osvald Kratsch (Hønefoss)

Hanna María Helgadóttir (Ósló)

Margar góðar ástæður fyrir því að einmitt þú átt að koma í Ískórinn:

- ✓ Þar hittir þú aðra söngelska landa þína í öllum **stærðum** og *gerðum*
- ✓ Kannanir sýna að söngfólk er hamingjusamara 😊 en annað fólk
- ✓ **Þú** kynnist nýrri tónlist
- ✓ Þú viðheldur **Íslendingnum** í þér
- ✓ Kórapartý
- ✓ Ferðalög innanlands – Ískórinn **syngur** í messum út á landi
- ✓ **Ískórinn** tekur þátt í kóramótum erlendis – **í vor förum við til Lundar!**
- ✓ Vísindalegar rannsóknir sýna að fólk sem syngur í kór á auðvelt með að **vinna í hóp**



Komdu! Við æfum á miðvikudögum kl 18 - 20.30 í Ólafústofu, Pilestredet Park 20, 0176 Ósló.

Íslenskur sunnudagaskóli í Noregi

Íslenskur sunnudagaskóli er starfræktur víða um Noreg, í Bergen, Drammen, Fredrikstad, Kristiansand, Kristiansund, Osló, Sandefjord og Stavanger. Það verður troðfull dagskrá af skemmtilegu og fræðandi efni í sunnudagaskólanum á hverjum stað og í ár verður disknum *Daginn í dag* 2 dreift til barnanna. Þetta eru ómissandi samverustundir íslenskra barnafjölskyldna í Noregi þar sem börnin hittast og leika saman á íslensku og foreldrarnir spjalla saman yfir heitum kaffibolla.

Nánari upplýsingar um dagsetningar og staðsetningar sunnudagaskólanna er á www.kirkjan.no fylgist einnig með tilkynningum á fésbókinni „Íslenski söfnuðurinn í Noregi“



Lilja Björk Þorsteinsdóttir með sunnudagaskólann í Stavanger.

Sunnudagaskólinn í Kristiansund:

Sunnudagaskólinn í Kristiansund hófst þann 20. janúar og verður annan hvern sunnudag kl. 11 fram að páskum eða dagana 3. febrúar, 17. febrúar, 3. mars og 17. mars. Við erum í Misjonssalen í Kristiansund, Kaptein Bødtkers Gate 17. Fastir liðir í sunnudagaskólanum eru brúðuleikrit,

Hafdís og Klemmi, söngur, bænir og frásagnir úr Bíblíunni og að loknum sunnudagsskóla eru við með kirkjukaffi þar sem við fáum gott tækifæri til að spjalla og eiga samfélag saman.

Hlökkum til að sjá ykkur, Salóme og Sigurborg.

Við auglýsum eftir sunnudagaskólaleiðtogum á Stavangersvæðinu.

Við leitum að fólki í líflegt og skemmtilegt starf með einhverja reynslu í barnastarfi á kristlegum grundvelli eða úr öðrum félagsstörfum. Um er að ræða 4-8 tíma á mánuði.

Áhugasamir hafið endilega samband við Lilju Björk Þorsteinsdóttur sunnudagaskólaleiðtoga í síma 457 80 215 eða sr. Örnú Grétarsdóttur í síma 957 53 390.

Eldri borgarar 60+

Það hefur verið líf og fjör hjá okkur í vetur og munum við halda áfram að hittast einu sinni í mánuði á fimmtudögum kl. 12 í Ólafíustofu:

- ✓ 14. febrúar – **Spil**, nafna- og brandarakeppni.
- ✓ 14. mars – **Íslensk bíómynd** og meðlæti.
- ✓ 11. apríl – **Páskabingó**. Flottir vinningar í boði.
- ✓ 2. maí – **Sumarhátíð**. Gleði og gaman.

Það væri vel þegið ef hver og einn tæki með sér smáræði á kaffihlaðborðið.

Verið hjartanlega velkomin. María og Einar.



Æskulýðsfundir í Ósló (13-17 ára)

Við munum hittast á föstudögum í Ólafústofu einu sinni í mánuði kl. 17.

- √ 2. Febrúar hefjum við leikinn með því að hitta á hljómsveitina Tilviljun?
- √ 15. febrúar Sprell og spjall.
Veljum nafn á hópinn og höldum pizzupartý.
- √ 15. mars verður brandarakeppni og bingó og það verða verðug verðlaun í boði.
- √ 19. apríl VIP party!
- √ 10. maí Sumarhátíð 😊



Feringabörnin hvött til að mæta 😊 Sjáumst hress! Maria og Björg 😊

Unglingahópur í Bergen

Í nóvember hittist unglingahópurinn í fyrsta sinn. Hópurinn er fyrir alla íslenska unglinga og vini þeirra á aldrinum 13 til 17 ára. Laufey Fríða Guðmundsdóttir BA í sálfræði og Rebekka Ingibjartsdóttir menntaskólamaer sjá um starfið. Fyrsti fundur var ætlaður til að hrista hópinn saman og mættu sjö stúlkur í pizzupartí og leiki. Í desember var jólafondur og í janúar bowlingkvöld. Hópurinn vill endilega

fá fleiri til liðs við sig - sérstaklega stráka og búa til skemmtilegt samfélag íslenskra unglinga í Bergen. Þann 9. febrúar mun hópurinn hittast aftur og taka þátt í spennandi verkefnum með hljómsveitinni Tilviljun? Hljómsveitin Tilviljun? er íslensk popphljómsveit sem verður í Bergen helgina 9. og 10. febrúar og tekur þátt í popp-messu safnaðarins í Skjold kirkju á sunnudeginum kl. 14.

Hljómsveitin Tilviljun? ferðast víða um Noreg

Laugardaginn 2. febrúar í Ósló - Workshop og pizzupartý með ungu fólki í Ólafústofu kl. 15 - 17.

Sunnudaginn 3. febrúar í Ósló - Poppmessa kl. 14 í Nordberg kirkju.

Þriðjudaginn 5. febrúar í Sandefjord - Pizzupartý fyrir ungt fólk kl. 16.30 í Peisestue í Olavs kapelle og tónleikar kl. 18 á sama stað.

Miðvikudaginn 6. febrúar í Kristiansand - Pizzupartý fyrir ungt fólk kl. 17 og tónleikar kl. 20. Fylgist með á www.kirkjan.no.

Fimmtudaginn 7. febrúar í Stavanger - Pizzupartý fyrir ungt fólk kl. 17 og tónleikar kl. 20. Fylgist með á www.kirkjan.no.

Laugardaginn 9. febrúar í Bergen - Workshop og pizzupartý kl. 15-18 í Skjold kirkju.

Sunnudaginn 10. febrúar í Bergen - Poppmessa kl. 14 Skjold kirkju.



Mjög góð mæting á jólahátíðirnar



Jólahátíðirnar voru einstaklega vel heppnaðar í alla staði. Það voru um 1600 manns sem sóttu helgihald og aðra þjónustu yfir aðventuna og jólin.

Aðventan minnir okkur á kærleika, hjálpssemi og gestrisni, en hún byrjaði með glæsilegri Aðventuhátíð í Nordberg kirkju í Ósló þar sem saman komu um 550 manns til að hlýða á töfrandi tónlist og söng. Björg Brjánsdóttir þverflautuleikari, Kristján Karl píanisti og Davíð Sigurgeirsson spiluðu undurfagra tóna og Jóhanna Guðrún söng sig inn í hjertu hátíðargesta ásamt Ískórnum undir stjórn Gísla J. Grétarssonar. Pálmi Gestsson leikari talaði um trúna í lífi sínu og snerti hann streng í brjóstum viðstaddra gesta. Tilhlökkun jólanna skein úr hverju andliti í skini kerta-

ljósanna sem fermingarbörnin aðstoðuðu við að tendra undir sálminum Heims um ból, en eftir þessa fallegu tónlistarveislu söfnuðust gestirnir saman í safnaðarheimilinu og fengu

sér kirkjukaffi sem var í umsjón Íslendingafélagsins í Ósló. Það voru haldnar jólamessur og jólaböll í Bergen, Prándheimi, Stavanger, Drammen, Geilo, Tromsø og Ósló þar sem fæðingu frelsarans var minnst. Því jólahátíðin er þakkargjörð og vitnisburður um náð og frið Guðs.

Íslenski söfnuðurinn fékk til liðs við sig marga knáa tónlistarmenn, sönghópa og söngvara til að halda uppi helgihaldi safnaðarins, einna helst má nefna Jóhönnu Guðrúnu, Ískórinn, Sönghópin í Bergen og Kvartettinn í Drammen. Margræti Brynjarsdóttur söngkonu og Hjörleif Valsson fíðuleikara. Einnig komu fram tvær menntaskólastúlkur í Bergen, þær Rebekka og Edel sem spiluðu á fíðlu og píanó. Friður og helgi jólanna umvafði hjertu kirkjugestanna og börnin nutu sín í sunnudagaskólanum er þau hlustuðu á jólaguðspjallið og sungu jólasöngva. Eftirvæntingin náði hámarki hjá börnunum þegar byrjað var að dansa í kringum jólatrén og glaðværir jólasveinar birtust með nammipoka alla leið frá Íslandi sem kætti bæði stóra og smáa. Íslendingafélag hvers staðar stóð fyrir kaffisamsæti og gestir sátu fram eftir degi og áttu góðar stundir saman.

– Íslenski söfnuðurinn vill þakka öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum til að jólahátíðirnar yrðu sem glæsilegastar.



Ólafíusjóður styrkir Hjálparstarf kirkjunnar:

Ólafíusjóður og hið nýja safnaðarheimili Ólafíustofa eru nefnd í höfuðið á trúkonunni Ólafíu Jóhannsdóttur, sem starfaði meðal þeirra sem minnst máttu sín í Ósló upp úr aldamótunum 1900. Hlutverk sjóðsins er að aðstoða bágstadda Íslendinga bæði í Noregi og á Íslandi.

Þann 20. desember afhenti Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, formaður stjórnar Ólafíusjóðs, sem starfar á vegum Íslenska safnaðarins í Noregi, Hjálparstarfi kirkjunnar styrk að upphæð 75.000 norskra króna, eða rúmlega ein og hálf milljón íslenskra króna, frá safnaðarfólki í Noregi. Er styrknum ætlað að renna til hjálparstarfs kirkjunnar á Íslandi og vilja Íslendingar í Noregi með því leggja löndum sínum lið. Ólafía var brautryðjandi í hjálparstarfi á sinni tíð og hafa Norðmenn heiðrað minningu hennar með ýmsum hætti. Brjóstmynd af Ólafíu stendur nærri Vaterlandbrúnni í Ósló og í nágrenninu er gatan, Olafiagangen, nefnd eftir henni. Ólafía sinni starfi sínu einkum meðal þeirra kvenna sem minnst máttu sín í samfélaginu og urðu að þola kynferðisofbeldi af ýmsu tagi. Þegar Norðmenn settu á stofn miðstöð



Hér afhendir Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, formaður stjórnar Ólafíusjóðs, Jónasi P. Þórisyni, framkvæmdastjóra Hjálparstarfs kirkjunnar, styrkinn.

fyrir leiðbeiningar um getnaðarvarnir og meðhöndlun kynsjúkdóma nefndu þeir hana því Olafiaklinikken í höfuðið á Ólafíu. Íslenski söfnuðurinn í Noregi heiðrar einnig minningu Ólafíu með margvíslegum hætti og má nefna að í hverri messu fara fram samskot í Ólafíusjóðinn sem nú er veitt úr.

Sendiráð Íslands í Ósló er opið alla virka daga kl. 10-15 og er til húsa við Stortingsgata 30, Ósló.

Eitt af hlutverkum sendiráðsins er að gæta hagsmuna Íslendinga í Noregi. Á vefsíðu sendiráðsins www.island.no er að finna hagnýtar upplýsingar og tengla á gagnlegar vefsíður. Sendiráðið tekur m.a. á móti vegabréfa umsókn-um, en bóka þarf tíma fyrirfram í síma 2323 7530.

Fyrirspurnir má senda í tölvupósti á emb.oslo@mfa.is eða símleiðis: 2323 7530. Einnig má benda á Facebook síðu sendiráðsins www.facebook.com/IslandsAmbassadeOslo.

Kyrrðar- og slökunarhelgi 10. - 12. maí í Norefjellhúsinu.

Aðra helgina í maí verður kyrrðar- og slökunarhelgi í Norefjell húsinu. Boðið verður upp á slökun, hvíld og gott samfélag. Fyrirbærir, viðtöl, íhuganir, göngu, nudd og sjálfstyrkjandi fyrirlestur.

Skráning fer fram á skrifstofu safnaðarins fyrir 15. apríl. ATH! Takmarkaður fjöldi.

Kvenfélög og saumaklúbbar!

Hægt er að panta námskeið, í sjálfsstyrkjandi samskiptum, fyrir konur inn í hópinn ykkar. Umsjón hafa sr. Arna Grétarsdóttir og Eygló Sigmundsdóttir sálfræðingur. Sendið fyrirspurnir á starfsmadur@kirkjan.no.

Ólafíuganga þann 8. júní.

Dr. Sigríður Dúna Kristmundsdóttir prófessor og höfundur ævisögu Ólafíu Jóhannsdóttur mun ganga um götur Óslóar þar sem Ólafía starfaði. Takið daginn frá og komið með í Ólafíugöngu. Nánar auglýst síðar.

Allt hefur sinn tíma.

Öllu er afmörkuð stund og sérhver hlutur undir himninum hefur sinn tíma.

Préd. 3.1

(Gefðu þér endilega tíma til að lesa framhaldið Préd. 3.1-15).

Þetta eru góð orð úr Prédikar-
anum sem skrifuð eru í
Gamla testamentinu.

Þetta eru góð orð því þau
miðla sannleika um það líf
sem við lifum. Hér er miðlað
af raunverulegri reynslu af
því að lifa í þessum heimi.
Lífi sem prédikarinn sjálfur
hafði lifað og reynt. Þessi
orð um að allt hefur sinn



Sr. Arna Grétarsdóttir.

tíma er sammanleg reynsla sem við getum
hvert og eitt fundið okkur í. Burt séð frá kyni,
menntun, stöðu, stjórnmalaskoðunum, eða hvað við glímum
við hér og nú þá er þetta sameiginleg reynsla mannlegrar
tilveru að:

Allt hefur sinn tíma.

Tilfinningar okkar og hugsanir hafa mismunandi liti og leiðir
sem finna sér farveg. Það koma dagar, jafnvel vikur þar sem

tárin lita tilveru okkar og sorgin í sínum gráu tónum fær og
þarf sinn tíma. Það koma líka dagar og vikur þar sem
hláturinn, dansinn og gleðin fær sitt rými í sínum regn-
bogans litum. Reiði og hatur þurfa sinn tíma og sinn farveg
líka. Já, öll mannleg tilvera eru lituð af því að:

Allt hefur sinn tíma.

Það er Skaparinn sjálfur sem gaf okkur regnbogann í öllum
sínum fallegu litum sem hefur lagt okkur í hjarta misjafnar
gáfur til að sjá og nema fegurð heimsins. Misjafnlega skýrt
auga fyrir listum og fegurð lífsins, misjafnt næmi fyrir leik og
trúarfegurð. Ólíkan áhuga á tengslum himins og jarðar. Um
leið og við erum ólík þá erum við lík að því leiti að öll erum
við sköpuð til að mæta augnaráði hvers annars, gjafmildi
og gæsku. Það er vegna þess að við eru gerð til að vera
í samfélagi við aðra menn, í félagskap sem auðgar og
blessar bæði á tímum sorgar og gleði. Við erum sköpuð af
Guði kærleikans með afmarkaðann tíma í þessum heimi,
sem afmarkar um leið upplifanir, reynslu og tilfinningar
okkar.

Okkur er boðið í þann dans að læra meðan við lifum, að
njóta og lifa hvern dag og jafnframt vita að dagurinn líður,
tilfinningarnar verða að minningu og reynslan og minningin
getur tekið á sig nýjan lit sem regnbogi Drottins gefur.

Allt hefur sinn tíma.

Hvernig verð þú tíma þínum?

Lífsýn og trú – námskeið fyrir þig

Hefur þú spurningar varðandi trú? Langar þig að vita
meira? Má bjóða þér að vera með í góðum félagsskap?

Þér stendur til boða að taka þátt í einstöku og lífbreytandi
námskeiði þar sem fjallað verður um trú á opinskáan hátt.
Einnig verður lögð áhersla á hvatningu, eflingu og traust
samskipti sem hver og einn getur nýtt til þess að auka lífs-
gæði sín og að kynnast góðum hóp af fólki. Fyrirlesarar
koma úr ýmsum áttum og góðum tíma verður varið í
umræður, spurningar og svör.

Við munum ræða spurningar eins og „Hver er tilgangurinn
með þessu öllu saman? Er einhver ástæða til þess að
notast við bæn eða biblíuna? Var Jesús til og hvaða máli
skiptir hann? Hvernig get ég fengið meiri kraft og gleði í
hversdagslegu lífi?“

Námskeiðið hefst fimmtudaginn 7. febrúar og er hvern
fimmtudag fram að páskaum og lýkur 28. mars. Námskeiðið er
haldið í vinalegu umhverfi í Ólafústofu, Pilestredet Park 20,

Oslo. Námskeiðið er á milli 16:30 til 18:30 og boðið er upp
á léttu máltíð í byrjun hvers fundar.

Námskeiðið er öllum opið og þér að kostnaðarlausu.
Takmarkaður fjöldi og til að tryggja þér pláss geturðu sent
póst á starfsmadur@kirkjan.no eða hringt á skrifstofu
safnaðarins í síma 223 60 141.

Hlökkum til að sjá þig.





Á döfinni hjá Íslenska söfnuðinum í Nordberg kirkju í Ósló

- 3. febrúar Popp - guðsþjónusta kl. 14. Hljómsveitin Tilviljun? Sunnudagaskóli á sama tíma.
- 17. febrúar Sunnudagaskóli kl. 14.
 - 3. mars Taize messa kl. 14. Íhugunar og slökunarmessa. Sunnudagaskóli á sama tíma.
 - 17. mars Sunnudagaskóli kl. 14.
 - 28. mars Getsemanestund í Ólafíustofu kl. 17.
 - 7. apríl Kærleiksguðsþjónusta kl. 14. Sunnudagaskóli á sama tíma.
 - 21. apríl Sunnudagaskóli kl. 14.
 - 28. apríl Gleði guðsþjónusta kl. 14. Aðalfundur safnaðarins. Sunnudagaskóli á sama tíma.
 - 12. maí Sunnudagaskóli kl. 14.
 - 20. maí Annar hvítasunnudagur. Fermingarmessa kl. 14. Sunnudagaskóli á sama tíma.
 - 2. júní Sunnudagaskóli kl. 14.
 - 16. júní Lýðveldishátíðin með hátíðardagskrá. Sunnudagaskólahornið á sínum stað. Sjá sérstaka auglýsingu.

Á döfinni hjá Íslenska söfnuðinum úti á landsbyggðinni

- 20. janúar Fjölskylduguðsþjónusta í Stavanger kl. 14.
- 5. febrúar Tónlistarguðsþjónusta í Olavs kapelle í Sandefjord kl. 18.
- 6. febrúar Tónlistarguðsþjónusta í Kristiansand kl. 20. Fylgist með á www.kirkjan.no.
- 7. febrúar Tónlistarguðsþjónusta í Stavanger kl. 20. Fylgist með á www.kirkjan.no.
- 10. Febrúar Tónlistarguðsþjónusta kl. 14 í Skjold kirkju í Bergen og sunnudagaskólinn á sama tíma.
- 17. mars Guðsþjónusta kl. 14 í Kulturkirken í Geilo.
- 3.-5. maí Fermingarnámskeið í Svíþjóð.
- 10.-12. maí Kyrrðar- og slökunarhelgi í Norefjellhúsinu.
 - 2. júní Guðsþjónusta í Elverhøy kirkju í Tromsø kl. 14.
 - 30. júní Fermingarmessa í Seltjarnarneskirkju kl. 11.

Ólafíustofa er opin
 frá mánudegi til fimmtudags kl. 10-14.
 Sími: 223 60 140 – Vefsími: 674 30 323.
 Starfskona: Inga Erlingsdóttir.
 Netfang: starfsmadur@kirkjan.no
 Prestur netfang: prestur@kirkjan.no
 Pilestredet Park 20, 0176 Oslo.

Venjulega er kirkjukaffi eftir hverja messu.

Fylgist með á www.kirkjan.no eða á [facebook.com/Íslenski söfnuðurinn í Noregi](https://www.facebook.com/Íslenski-söfnuðurinn-i-Noregi).

Spakmæli úr Biblíunni: Gleymið ekki gestrisninni því að vegna hennar hafa sumir hýst engla án þess að vita.

(Heb 13.2.)

Umbrot og hönnun fréttabréfsins:
 Hrafnhildur Brynjarsdóttir
 hrafnhildurb80@yahoo.com

Utgiver og returadresse:
 Den islandske menigheten i Norge,
 Pilestredet Park 20,
 0176 Oslo